

Mánudaginn 28. febrúar 1966.

Nr. 144/1965. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Einari Guðnasyni (Gústaf Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa þeir fimm lögreglumenn, sem að handtöku ákærða stóðu, gefið skýrslur fyrir dómi og staðfest vætti sín svo og lögregluvarðstjóri sá, er yfirheyrði ákærða í lögreglustöðinni eftir handtöku hans.

Aðfaranótt fimmtudagsins 4. júní 1964 um klukkan 0330 veittu lögreglumennirnir Björn Sigurðsson og Finnbogi Sigurðsson athygli bifreiðinni G 2569, þar sem henni var ekið rykkjótt eftir Snorrabraut að Skúlatorgi, en þeir voru á leið vestur Skúlagötu í lögreglubifreiðinni R 2010, og ók Finnbogi henni. Gaf hann ökumanni bifreiðarinnar G 2569, ákærða í máli þessu, stöðvunarmerki, en hann sinnti því engu, heldur jók hraða bifreiðar sinnar. Lögreglumennirnir óku þá inn á torgið gagnstætt umferðarreglum til að reyna að stöðva akstur ákærða jafnframt því sem þeir gáfu hljóðmerki og höfðu uppi rautt stöðvunarljós á lögreglubifreiðinni. Ákærði sinnti þessu ekki og ók austur Borgartún mjög hratt, með allt að 80 til 100 km. hraða miðað við klukkustund að sögn Finnboga Sigurðssonar, sem skýrir nánar svo frá, að ákærði hafi síðan ekið austur Sundlauga-veg að Austurbrún og eftir henni að Hólsvegi, þar sem ákærði hafi reynt að hægja á hraða bifreiðarinnar, en hún þá runnið beint áfram í loftköstum, og er ákærði hafi beygt inn á veg þennan, hafi bifreiðin farið þversum á götunni og runnið eftir henni um 50 metra, en stöðvazt þarna við „jarð-vegsupphækkun“ hjá lóðargrindverki. Þarna kveðst Finnbogi hafa stöðvað lögreglubifreiðina fyrir framan bifreið

ákærða, sem hafi reynt að aka á lögreglubifreiðina, en þar eð henni hafi verið vikið undan, hafi ákærði ekið niður Hólsveg, eftir ýmsum götum inn á Langholtsveg og beygt af honum austur Suðurlandsbraut, þar sem bifreið hans hafi nærri oltið.

Auk þeirra Finnboga Sigurðssonar og Björns Sigurðssonar tóku þátt í eftirförinni að ákærða lögreglumennirnir Helgi Jónasson og Guðmundur Sigurgeirsson í lögreglubifreiðinni R 2003 svo og Kristinn Adolf Gústafsson lögreglumaður í bifreiðinni R 9068. Eru framburðir allra þessara lögreglumanna mjög á einn veg. Þá tóku og þátt í eftirförinni tveir leigubifreiðarstjórar, hvor í sinni bifreið.

Er ákærði var kominn inn á Suðurlandsbraut, ók hann sem leið lá austur hana og norður Vesturlandsveg. Var honum veitt eftirför af greindum bifreiðum, og voru bæði ljósmerki og hljóðmerki gefin í lögreglubifreiðunum, en á Þingvallavegi móts við Helgafellsgryfjur í Mosfellssveit tókst loks að stöðva akstur ákærða.

Við Krossamýrarblett tókst þeim í lögreglubifreiðinni R 2003 að aka fram fyrir bifreið ákærða, en hann ók þá vinstra megin fram úr lögreglubifreiðinni.

Ofan við Grafarholt ók ákærði hægra megin eftir akbrautinni. Hugðist Finnbogi Sigurðsson þá aka vinstra megin fram úr bifreið ákærða, sem beygði þá að lögreglubifreiðinni og ók á hægri hlið hennar. Finnbogi ók þá út af akbrautinni og út á mel, sem þarna er, en ákærði hélt för sinni áfram. Leigubifreiðastjórunum tókst að aka þarna fram úr bifreið ákærða, en hann gat komizt aftur fram fyrir þær.

Er komið var inn á Þingvallaveg á móts við Helgafellsgryfjur, tókst öðrum leigubifreiðarstjóranum að aka hægra megin fram úr bifreið ákærða, sem beygði þá til hægri og reyndi að aka utan í leigubifreiðina, en þá ók Kristinn Adolf Gústafsson vinstra megin fram úr bifreið ákærða, beygði að henni og þröngvaði ákærða til að aka bifreið sinni út á mel þarna, en þótt nægilegt rými væri, ók ákærði engu að síður á hægri hlið bifreiðar Kristins Adolfs. Lögreglubifreiðinni R 2003 var nú ekið fast að afturenda bifreiðar

ákærða. Hann reyndi engu að síður að aka bifreið sinni aftur á bak og beitti fullu átaki á benzínjölf bifreiðarinnar, svo að afturhjóla hennar grófust niður í melinn. Lögreglu-mennirnir handtóku nú ákærða, sem þeir segja hafa verið ölvaðan og mjög æstan, enda urðu þeir að handjarna hann. Viðurkenndi ákærði fyrir þeim, að hann hefði alls ekki ætlað að hleypa þeim fram hjá sér og að hafa viljandi ekið á bifreiðarnar R 2010 og R 9068.

Ákærði var síðan færður fyrir lögregluvarðstjóra, blóðsýnishorn tekið úr honum og hann settur í varðhald.

Ákærði kveðst hafa verið drukinn þriðjudaginn 2. júní 1964. Næsta dag hafi hann svo farið að neyta áfengis um klukkan 1400, en skilið áður við bifreið sína hjá sundhöllinni hér í borg, og verið við drykkju þessa á ýmsum stöðum, m. a. farið á dansleik. Hann hafi svo tekið að aka bifreiðinni án þess að gera sér ljóst, hvert hann ætlaði að halda, enda bæði drukinn og illa „fyrirkallaður“. Ekki kveðst hann geta gert sér grein fyrir, hvenær hann varð fyrst var við lögreglubifreið á eftir sér, en segist hafa verið staðráðinn í því að láta lögreglumenn ekki ná sér og reynt að hindra það eftir megni. Kveðst hann hafa orðið var við, er bifreið hans lenti utan í bifreiðum þeim, sem honum var veitt eftirför í, og segir skýrslur lögreglumanna um málsatvik réttar eftir því sem hann bezt viti.

Bifreiðina G 2569 kveðst ákærði hafa keypt um eða upp úr miðjum maímánuði 1964 og viðurkennir að hafa eigi tilkynnt um eigendaskipti, er atburðir þeir gerðust, sem mál þetta er risið af.

Bifreið ákærða var færð til skoðunar, og segir svo í skýrslu Pálma Friðrikssonar bifreiðaeftirlitsmanns, dags. 4. júní 1964: „... Við skoðun og reynslu í akstri komu eftirtaldir ágallar í ljós:

Fóthemlar gengu fast að gólfi og verkuðu illa.

Handhemill óvirkur.

Efri gormaskálaklafi spindilbolti v. m. slitið.

Hemlaljós óvirk.

Brettasamstæða laus.

Hurðarspjald og gluggakarmur laus í v. framhurð.
 Hurðarlæsingar allar vanstilltar, báðar rúður í v.
 hurðum sprungnar og rúðuvindur í ólagi.
 Hjólbarðar á framhjólum slitnir.
 Afturstuðari og númersljós beyglað.

Að skoðun lokinni voru skrásetningarnúmerin tekin af bifreiðinni vegna lélegs ástands.

Bifreiðin G 2569 er Chevrolet fólksbifreið smíðaár 1954 með vinstri hliðar stýri og vökvahemlabúnaði“

Samkvæmt vottorði rannsóknarstofu Jóns prófessors Steffensens, dags. 4. júní 1966, reyndist áfengismagn í blóði ákærða 1.65‰.

Brot ákærða eru réttilega heimfærð til lagaákvæða í ákæruskjali. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 4 mánuði.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954 er ákærði sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin saksóknaralaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og málflutningslaun verjanda síns í Hæstarétti, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Guðnason, sæti varðhaldi 4 mánuði. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknaralaun fyrir Hæstarétti til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og málflutningslaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gústafs Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. marz 1965.

Ár 1965, mánudaginn 22. marz, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristins-

syni sakadómara kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 2429/1965: Ákærvaldið gegn Einari Guðnasyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 30. júlí 1964, höfðað gegn ákærða Einari Guðnasyni verzlunarmanni, Þórsgötu 15, Reykjavík, fyrir að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 4. júní 1964 undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni G 2569 gáleysislega og of hratt af Snorrabraut inn á Skúlatorg, austur Borgartún og Sundlaugaveg, um Austurbrún og inn á Hólsveg, þar sem ákærði reyndi að aka á lögreglubifreiðina R 2010, sem ekið var fram fyrir bifreið ákærða í því skyni að stöðva hana, síðan suður Hjallaveg, vestur Dynjuveg og Vesturbrún. Þá austur Laugarásveg og Langholtsveg inn á Suðurlandsbraut, þar sem minnstu munaði, að bifreið ákærða ylti í beygjunni, og loks austur Suðurlandsbraut og Vesturlandsveg, en rétt ofan við Grafarholt ók ákærði á áður nefnda lögreglubifreið, sem reyndi að stöðva ákærða, með þeim afleiðingum, að lögreglubifreiðin skemmdist nokkuð, og síðan á brott þaðan án þess að skeyta um áreksturinn og inn á Þingvallaveg, þar sem lögreglunni með aðstoð tveggja leigubifreiða tókst að innikróa ákærða móts við Helgafellsgrýfjur og handtaka hann fyrir að sinna ekki siendurteknum stöðvunarmerkjum lögreglumanna, sem eltu ákærða alla hina umgetnu leið, svo og fyrir vanrækslu á að tilkynna eigendaskipti að bifreiðinni G 2569. Þá var bifreið ákærða, einkum hemlar hennar, eigi í fullkomnu lagi.

Með framangreindu telst ákærði hafa gerzt brotlegur við 4. gr., 1. mgr. 14. gr., 2. sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. og 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr. 38. gr., 1. og 2. mgr. 41. gr., 49. gr. og 1. mgr. 50. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfisviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 2. október 1945 í Reykjavík.

Sakavottorð hans hljóðar svo:

1961 13/11 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun.

1963 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaganna. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 22/3 1963.

— 17/12 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.

Málsatvik eru þessi:

Aðfaranótt fimmtudagsins 4. júní 1964 klukkan um 0330 veittu lögreglumenn athygli bifreiðinni G 2569, sem ekið var um Skúla-torg. Gáfu þeir ökumanni stöðvunarmerki, en hann stinnti því ekki, en ók um ýmsar götur borgarinnar gálauslega og síðan að Grafarholti, en þar ók hann utan í lögreglubifreiðina R 2010. Ekki skeytti ökumaður, ákærði í máli þessu, um þann árekstur né stöðvunarmerki lögreglumanna, en ók áfram austur Þingvalla-veg, þar sem bifreið hans var loks stöðvuð. Lögreglu virtist ákærði vera undir áhrifum áfengis.

Ákærði hefur fyrir dómi játað greindum akstri og viðurkennt að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Þá játaði hann að hafa ekki tilkynnt eigendaskipti að bifreiðinni og loks að hafa ekið bifreiðinni, enda þótt hún, einkum hemlar hennar, væru eigi í fullkomnu lagi.

Tekið var sýnishorn úr blóði ákærða, er sýndi „reducerandi“ efni, sem samsvara 1.65‰ af alkóhóli.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólranssóknar og með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar rétt færð til refsíákvæða. Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Svo sem krafizt er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, sem þar greinir, þykir rétt að svipta ákærða ökuréttindum í 15 mánuði frá 10/6 1964 að telja, en þann dag var hann sviptur þeim réttindum til bráðabirgða.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Einar Guðnason, sæti varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 15 mánuði frá 10. júní 1964 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.